

Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stjórnarsýsluna
c/o Forsætisráðuneytið
Hverfisgötu 6
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Kristín Linda Árnadóttir forstöðumaður
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 28. september 2012

Kristín Linda Árnadóttir, forstöðumaður Umhverfisstofnunar óskaði eftir álitum Samhæfingarnefndar á fyrirhuguðu launuðu leyfi starfsmanna stofnunarinnar til að taka þátt í námskeiði styrktu af fyrirtækinu Alcoa.

Bréf Kristínar Lindu sent 25. september 2012 var svohljóðandi:

„Málavextir

Umhverfisstofnun fékk boð í tölvupósti um að auglýsa meðal sinna starfsmanna styrk til að sækja námskeið í starfi og rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða. Skv. upplýsingum var boðið einnig sent öðrum stofnunum og samtökum hérlendis. Markhópurinn voru starfsmenn og aðrir sem koma að verndun og viðhaldi friðlýstra svæða og þjóðgarða. Styrkurinn er veittur í gegnum Scandinavian/American foundation en það er Alcoa International sem styrkir þetta tiltekna verkefni, sjá meðfylgjandi auglýsingu.

Stjórnendur hjá Umhverfisstofnun komu boðunum áleiðis til starfsmanna og spurðu þá hvort þeir hefðu áhuga á að sækja um. Umsækjendur sækja um persónulega og hafa fjórir starfsmenn Umhverfisstofnunar sem starfa við friðlýst svæði fengið styrk til að fara í slíka þjálfun í Bandaríkjunum í þjóðgarði. Umhverfisstofnun hefur samþykkt að veita starfsmönnum launað leyfi til að sækja námskeiðin, þar sem um fræðslu á þeirra fagsviði er að ræða.

Eftir ábendingu frá starfsfólki innan stofnunarinnar og nánari skoðun stjórnenda stofnunarinnar þykir undirritaðri ástæða til þess að leita álits nefndarinnar. Helstu ástæður þess eru:

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlýstum svæðum, sem ofangreint styrkverkefni tengist, en einnig eftirlit með mengandi starfsemi. Alcoa rekur hér á landi eitt álver sem er undir eftirliti hjá Umhverfisstofnun. Þeir starfsmenn sem sóttu um styrkina starfa ekki við eftirlit með beinum hætti en hjá Umhverfisstofnun starfa þverfagleg teymi um ýmis málefni stofnunarinnar þar sem starfsmönnum úr ólíkum málaflokkum er blandað saman til þess að ræða stefnumótun og vinna einstök verkefni. KOM almannatengsl ehf. höfðu samband við a.m.k. einn þeirra

starfsmanna sem hlutu styrk og óskuðu eftir að fá að hafa milligöngu um að koma verkefninu á framfæri við fjölmiðla.

Umhverfisstofnun hefur að svo stöddu ekki sett sér sérstakar siðareglur fyrir starfsmenn.

Umhverfisstofnun óskar áhlits nefnadinnar á því, í ljósi siðferðilegra sjónarmiða og hugsanlegs hagsmunaáreksturs:

- a) hvort starfsfólki Umhverfisstofnunar sé heimilt og/eða stætt á því að sækja styrkt námskeið erlendis*
- b) hver viðbrögð Umhverfisstofnunar eigi að vera gagnvart styrkveitingunni"*

Samhæfingarnefnd um siðferðileg viðmið fyrir stórnisýsluna getur ekki mælt með að Umhverfisstofnun hvetji starfsmenn sína til að þiggja umrædda styrki eða veiti þeim launað leyfi til að taka þátt í því verkefni sem Alcoastyrkir með þessum hætti.

Í fyrsta lagi eykur það hættu á hagsmunaárekstri að stofnun sem hefur eftirlitshlutverki að gegna þiggi styrki af aðila sem hún á að hafa eftirlit með. Viss hætta skapast á að starfsmenn líti þann aðila, sem þeir hafa þegið beinan eða óbeinan fjárstuðning af, mildari augum en ella. Jafnvel þó að um sé að ræða styrki til starfsmanna sem koma ekki beint að því eftirliti sem um er að ræða kann að vera erfitt að útiloka áhrif á þá sem fyrst og fremst hafa eftirlit með höndum.

Aðkoma milliliða á borð við American Scandinavian Foundation getur orðið til þess að komið sé í veg fyrir bein tengsl styrktaraðila við þann sem styrksins nýtur. Það á þó ekki við í þessu tilfelli, þar sem aðkoma Alcoa er áberandi og engin dul er dregin á að fjármagn til verkefnisins komi frá fyrirtækinu.

Í öðru lagi kann trúverðugleiki stofnunarinnar að bíða hnekki. Nú liggur fyrir að Alcoa hefur í hyggju að vekja athygli á þessu verkefni og því er ekki ósennilegt að fjallað verði um þessi tengsl á opinberum vettvangi. Við það kunna að vakna grunsemdir um að Alcoa sé með styrknum að reyna að skapa jákvætt viðhorf í sinn garð hjá eftirlitsaðila. Raunar þarf ekki kynninguna til, því aldrei er hægt að útiloka að upplýsingar um stuðning félagsins bærust til fjölmiðla. Jafnframt má halda því fram að eðlilegt væri að stofnunin vekti sérstaklega athygli að eigin frumkvæði á þessum tengslum til að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Þannig er styrkveiting í þessu tilfelli varhugaverð á tvo vegu: Annarsvegar skapar hún aukna hættu á hagsmunaárekstrum en skv. siðaregum starfsfólks stjórnarráðsins gr. 3a ber starfsfólki að leggja sig fram um að koma í veg fyrir slíka árekstra. Jafnvel þótt gr. 3a eigi ekki beint við um starfsemi ríkisstofnunar eins og Umhverfisstofnunar má ætla að hún endurspegli meginviðmið sem þeim ber líka að hafa í huga. Jafnframt er viss hætta á að þjálfun starfsmanna fyrir tilstuðlan Alcoa og opinber umfjöllun um þau tengsl, sem fyrr eða síðar gæti átt sér stað skaði trúverðugleika stofnunarinnar.

Því er lagt til að Umhverfisstofnun óski eftir því að verkefnið verði fjármagnað með öðrum hætti og séð verði til þess að Alcoa komi ekki við sögu. Að öðrum kosti vegi stofnunin og meti hvort hún telji sig geta rökstutt það opinberlega að hafa þegið styrkinn þannig að trúverðugleiki hennar bíði ekki hnekki.



Jón Ólafsson
formaður nefndarinnar

